



Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

Skilmáli nr. AA20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar er ætluð fyrir tækjum og rekstraraðilum í þeim tilgangi að bæta tjón þegar skaðabótaábyrgð skapast.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir fyrir tjón sem verða á Íslandi.

3. Hvenær gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin tekur til tryggingaratburðar sem verður á tryggingartímabilinu.

3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.

3.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum:

- a) Vegna starfsemi sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- b) Sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við tilgreinda starfsemi. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- c) Sem eiganda eða notanda skráningarskyldrar vinnuvélar¹ sem ætluð er til aksturs í almennri umferð og ekki er tryggingarskyld, ef vinnuvél er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bótafjárhæð samkvæmt þessu ákvæði takmarkast við þá hámarksfjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- d) Sem eiganda eða notanda vinnuvélar sem ekki er ætluð til aksturs í almennri umferð og ekki er tryggingarskyld, ef vinnuvél er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bótafjárhæð samkvæmt þessu ákvæði takmarkast við þá hámarksfjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.2 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- b) Tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
 - Tryggður á einn eða með öðrum.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem hinn tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „þriðji aðili“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.

¹ Um skráningarskyldu ökutækja gilda ákvæði umferðarlaga og reglugerða settar á grundvelli þeirra.



- Tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - Tryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
 - Verður af völdum eldsvoða.
- c) Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
 - d) Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð er fellur á tryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis, sjá þó c-lið gr. 4.1.
 - e) Tjón vegna byggingarframkvæmda á fasteign sem tryggður á eða notar.
 - f) Tjón sem hlýst af því að tryggður vinnur við sprengingar, uppgróft, jarðboranir eða aðrar framkvæmdir í jörðu, svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálþil o.þ.h., niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.
 - g) Tjón sem leiðir af skaðsemisábyrgð er fellur á tryggðan.
 - h) Tjón sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. VÍS greiðir þó bætur vegna slíks tjóns ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
 - i) Endurkröfu frá almannatryggingum.
 - j) Sektir eða önnur refsiviðurlög.
 - k) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Tryggða og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til að stjórna slíkum tækjum og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.
- 5.2 Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða múrsögun í húsum eða utanhúss skulu tryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
- 5.3 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

6. Brot á varúðarreglum

- 6.1 Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð VÍS fallið niður í heild eða að hluta.²

7. Breyting á áhættu

- 7.1 Tryggður skal tilkynna VÍS um allar breytingar á umfangi og eðli atvinnurekstrarins sem geta haft í för með sér aukna hættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS falli niður í heild eða að hluta.³

8. Verð

- 8.1 Verð tryggingarinnar tekur mið af veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, starfssviði þeirra, vélum og tækjum. Verð vegna húseigendaábyrgðar tekur mið af brunabótamati húseignar. Ef ekki er hægt að ákveða endanlegt verð í upphafi tryggingartímabils er það áætlað og endanlegt verð reiknað við lok tímabilsins. Tryggingartaka er skylt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir lok tryggingartímabils að láta VÍS í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar verðsins. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð er VÍS heimilt að ákveða endanlegt verð eins og það telur sanngjarnt.

9. Hversu mikið er greitt úr tryggingunni?

- 9.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 9.2 Heildargreiðsla VÍS vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.3 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.4 Sé fjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

² Sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

³ Sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.



bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.

10. Eigin áhætta

- 10.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir VÍS ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en upphæð eigin áhættu.

11. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 11.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 11.2 Bætur sem greiða ber úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysstryggingu tryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr þessari tryggingu. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysstrygging sé ekki fyrir hendi.
- 11.3 Kaup sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða einstaklingi er orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bótum úr þessari tryggingu.

12. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 12.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 12.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 12.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 12.5 Tryggði skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hins tryggða.

13. Staða tjónþola við tjón

- 13.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 13.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 13.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 13.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

14. Meðferð bótakrafna

- 14.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 14.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.